

4.7.6. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
27. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010 með síðari breytingum
28. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010 með síðari breytingum

Heimild fyrirtækja og stofnana til að bera ábyrgð sem byggingarstjórar

Í grein 4.7.6 í byggingarreglugerð segir:

„Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar maður við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis í samræmi við ákvæði 4. hluta þessarar reglugerðar. Starfsleyfishafi skal þá annast þau störf við mannvirkjagerðina sem byggingarstjóra er ætlað skv. reglugerð þessari.“

Leiðbeiningar

1 Almenn

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri, samanber 27. gr. laga um mannvirki. Byggingarstjóri er einstaklingur sem fengið hefur starfsleyfi Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Heimilt er að fela lögaðila (fyrirtæki eða stofnun) að bera ábyrgð sem byggingarstjóri. Það er háð því skilyrði að hjá lögaðilanum starfi einstaklingur sem er með starfsleyfi og vinni þau störf við mannvirkjagerðina sem byggingarstjóra er ætlað.

2 Heimild til að fela lögaðila að bera ábyrgð sem byggingarstjóri

Ákvæði 4.7.6. gr. byggingarreglugerðar, samanber 5.mgr. 28. gr. laga um mannvirki, um að fyrirtæki geti í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjóri er bundið því skilyrði að innan fyrirtækisins, eða stofnunarinnar, starfi einstaklingur við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis. Um heimild er að ræða. Sé hún ekki nýtt er ábyrgð byggingarstjórnar í höndum einstaklings sem sinnir starfinu í eigin nafni.

Störf byggingarstjóra við mannvirkjagerð verða að vera unnin af einstaklingi sem hefur starfsleyfi sem byggingarstjóri. Heimild til að færa ábyrgð yfir á fyrirtækið breytir engu þar um. Um starfsleyfi byggingarstjóra er fjallað í 28. gr. laga um mannvirki og veiting starfsleyfis er bundin við persónur sem sækjast eftir slíku leyfi og fullnægja skilyrðum til að starfa sem slíkir. Með heimild fyrirtækja og stofnana til að bera ábyrgð er veittur möguleiki til að takmarka þá persónulegu ábyrgð sem einstaklingur, sem starfar hjá fyrirtæki eða stofnun, ber á verkinu.

Það er því ekki fyrirtæki eða stofnun sem er byggingarstjóri þó svo að það beri ábyrgð á störfum byggingarstjóra.

Við skráningu byggingarstjóra við mannvirkjagerð þarf að koma skýrt fram hvaða einstaklingur er skráður byggingarstjóri við þær framkvæmdir sem um ræðir.

HMS vill af gefnu tilefni árétta að heimildir byggingarstjóra takmarkast við gerð mannvirkja og umfang framkvæmda og starfsreynsla viðkomandi skiptir þar máli.

Tilvísanir

- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum.
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum.
- *Frumvarpi til laga um mannvirki*. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011. Þingskjal 82, 78. mál.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	14.12.2020